

**Nd.**

**213. Frumvarp til laga**

**[59. mál]**

um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. des.)

1. gr.

Til þess að afla innlends lánsfjár í samræmi við heimildir fjárlaga eða lánsfjárlaga hverju sinni er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að gefa út til sölu skuldarviðurkenningar ríkissjóðs í formi ríkisskuldabréfa, spariskírteina og ríkisvígla.

2. gr.

Ríkisskuldabréf og spariskírteini má gefa út með verðtryggingu miðað við vísitölu sem fjármálaráðherra ákveður, gengi erlendra gjaldmiðla eða hin sérstöku dráttarréttindi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR). Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða lánskjör þessara bréfa og er ekki bundinn við almennar vaxtaákvæðanir Seðlabanka Íslands við þá ákvörðun.

Fjármálaráðherra getur ákveðið að gefa út ríkisvígla sem greiðast skulu eftir ákveðinn tíma frá útgáfudegi, sem þó má ekki vera lengri en 12 mánuðir. Fjármálaráðherra getur ákveðið forvexti af víxlum þessum. Hann getur einnig ákveðið í stað forvaxta að víxlar þessir verði seldir á almennum markaði, þar á meðal samkvæmt tilboðum. Um vígla þessa skulu gilda almennar reglur laga um eiginvígla.

3. gr.

Lánsskjöl skv. 2. gr. skulu vera stimpilgjaldsfrjáls. Um skattalega meðferð þeirra gilda sömu reglur og gilda hverju sinni um innstæður í bönkum og sparisjóðum.

Fjármálaráðherra getur falið Seðlabanka Íslands að annast útgáfu og sölu lánsskjala skv. 2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.